

Reykjavík, 24. mars 2022

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi)

Hinn 10. mars síðastliðinn óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 ([bskj. 474 í 334. máli á 152. lögjafarþingi](#)). Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þremur lagabálkum og er því ætlað að jafna stöðu innlendrar og erlendrar verslunar hvað varðar verslunarhætti með áfengi.

SVP hafa áður veitt umsagnir um lagafrumvörp sambærilegs efnis.¹ Vísast til efnis þeirra eftir því sem það á við.

Verslunarhættir hafa tekið umtalsverðum breytingum undir kringumstæðum sem hafa í daglegu tali verið nefndar fjórða iðnbýltingin. Á tímum heimsfaraldurs hafa breytingarnar verið mjög hraðar eins og t.d. má sjá af upplýsingum sem koma fram í skýrslu Rannsóknaseturs verslunarinnar *Árið í verslun 2022*.² Frá árinu 2010 hefur mest fjölgun verslana orðið í flokki netverslana, rúm 157%. Þá jókst velta í netverslun um 25% milli árána 2021 og 2020.³ Á sama tíma gefa áætlanir til kynna að sala í netverslun í Bandaríkjunum hafi um aukist 14,2% og standa stórir söluaðilar undir verulegum hluta hennar. Óhætt er að halda því fram að frekari vöxtur sé framundan enda fjölgar neytendum sem nýta sér netverslun. Notkun veraldarvefsins er enn að eflast. Færri starfa í smásöluverslun í Bandaríkjunum í dag en það gerðu árin 2016–2019. Störfum í vöruflutningum og tengdri starfsemi fjölgar hins vegar stöðugt.

Lagaákvæði sem varða einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) til smásölu áfengis bera þess skýr merki að þeim var áætlað að tryggja stofnuninni einkarétt til rekstrar hefðbundinnar smásöluverslunar, þ.e. einkarétt til reksturs útsölastaða. Þannig er t.d. kveðið á um að stofnunin skuli sækja um leyfi til rekstrar áfengisútsölu til sveitarstjórnar, skv. 2. mgr. 10. gr. laganna, gert er ráð fyrir að sveitarstjórn gefi út smásöluleyfi til stofnunarinnar, skv. 3. mgr. 10. gr. laganna, auk þess sem í ýmsu tilliti er gert ráð fyrir að reksturinn sé háður skipulagi og tilteknu valdi sveitarfélaga hvað varðar staðsetningu. Í III. kafla laga nr. 86/2011

¹ Sjá á vefslóðunum: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-5769.pdf>, [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2624&uid=34c2ca2a-fe53-ea11-945b-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2624&uid=34c2ca2a-fe53-ea11-945b-005056850474) og [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1555&uid=faddfb89-bd1d-ea11-945b-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1555&uid=faddfb89-bd1d-ea11-945b-005056850474)

² Sjá á vefslóðinni: <https://www.rsv.is/post/arid-i-verslun-2022>

³ Sjá á vefslóðinni: <https://www.rsv.is/post/25-aukning-%C3%AD-netverslun-%C3%A1-milli-%C3%A1ra>

er beinlínis kveðið á um skyldu stofnunarinnar til að eiga og reka verslanir í húsnæði sem hafa afgreiðslutíma og öryggis- og eftirlitsbúnað. Ætla verður að þessi staða endurspegli fyrirkomulag ríkiseinkasölu við gerð EES-samningsins, sbr. 16. gr. fylgiskjals I í lögum nr. 2/1993.

Eins fram kemur í greinargerð frumvarpsins ríkir engin vafi um heimildir erlendra vefverslana til að selja íslenskum neytendum áfengi. Engar takmarkanir eru heldur á heimildum neytenda til þátttöku í slík viðskiptum. Á tímum heimsfaraldurs virðist slík netverslun hafa dafnað. Hins vegar má deila um efnisinntak 10. gr. laganna, þ.e. hve langt einkaleyfi ÁTVR nær. Verður þá ekki síst að hafa í huga að einkaleyfið felur í sér skorður á atvinnufrelsi og því hlýtur að verða að skilgreina inntakið í ljósi lagaáskilnaðarreglu 2. másl. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár.⁴ Má segja að einkaleyfið sé undir háþrýstingi um þessar mundir.

Að mati SVP eru verulegar líkur á að efni frumvarpsins leysi úr stöðu sem er í senn flókin og úr takti við þróun verslunarháttá. Verði frumvarpið samþykkt aukast líkur á að innlend verslun fái þróast í samhengi við erlenda þróun. Byr frumvarpið því yfir eiginleikum sem geta bæði leyst úr flækjum og aukið samkeppnishæfni íslenskrar verslunar.

Í ljósi framangreinds leyfa SVP sé að leggja áherslu á að frumvarpið fái vandaða þinglega meðferð og því verði fengið lagagildi.

Að framangreindu sögðu er rétt að taka eftirfarandi fram. Með frumvarpinu er tekið eðlilegt skref. Í 2. kafla greinargerðar frumvarpsins er vísað til þess að í samkeppnislegu tilliti standi innlendir framleiðendur áfengis höllum fæti gagnvart erlendum þar sem áfengisauglýsingar eru bannaðar. Hið sama á í grunninn við um samkeppnisstöðu innlestrar verslunar gagnvart erlendri. Á þetta slær frumvarpið ekki. Í nútímanum virðir auglýsingastarfsemi engin landamæri. Áður fyrr var áfengisauglýsingar hvað helst að finna hér á landi í erlendum blöðum og tímaritum. Stjórnvöld komast ekki hjá því að takast á við þennan veruleika.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdasjóri



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

⁴ Má til hliðsjónar benda á dóma Hæstaréttar Íslands frá 30. nóvember 2000 og 6. apríl 2006 (Hrd. nr. 295/2000 og 220/2005)